

Mál nr. 233/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Vátryggingartaki: (X)

### Skaðabótaábyrgð. Galli á vöru.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 15. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. ágúst 2022.
3. Bréf lögmanns M, dags. 15. september 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 19. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir vatnstjóni í húseign sinni hin 30. júní 2020 þegar slanga sem tengd var við vatnskrana og í ísskáp rifnaði. Umrædda slöngu höfðu M keypt í verslun X 1. mars 2020 og lýsa þeim kaupum þannig að kaupin hefðu byggt á ráðgjöf starfsmanna X um rétt slönguval og tengingar fyrir ísskáp sem áttu að henta í fyrirhuguð not. Af málgögnum má ráða að slanga sem fylgdi ísskáp M hafi ekki verið nógu löng og þess vegna hafi þurft að kaupa nýja slöngu.

M telja að ráðgjöf starfsmanna X hafi ekki fyrir fullnægjandi þar sem þeim hafi verið seld slanga úr mjúku plastefni sem hönnuð væri fyrir lágmarksþrýsting, en ekki ætluð fyrir ísskápa. M telja að slangan sem þau keyptu eftir umrædda ráðgjöf hafi ekki verið ætluð í þau not sem M ætluðu sér í skilningi 2. mgr. og 3. mgr. 1. gr. laga um neytendakaup nr. 48/2003. M vísa til þess að slangan hafi ekki fullnægt áskilnaði a-c liðar 2. mgr. 15. gr. laga um neytendakaup og hafi verið gölluð í skilningi a-liðar 1. mgr. 16. gr. sömu laga. M vísa til ríkrar upplýsingaskyldu starfsmanna X við kaup M á vörum varðandi eiginleika og notkun þeirra og að slangan hafi ekki fullnægt þeim. X hafi haft sérþekkingu á þeim vörum sem voru til sölu og hefði ekki átt að dyljast að not M fyrir slöngu í ísskáp væru þess eðlis að tengja þyrfti hann við vatn, auk þess sem M hefðu haft slöngu sem fylgt hefði með ísskápnum með sér við kaupin. M telja að starfsmenn X hefðu átt að upplýsa með óyggjandi hætti um að umrædd slanga væri ekki ætluð fyrir vatnsþrýsting og þannig hafi þeir valdið M tjóni. M vísar til álits pípuþingarmeistarara um að slangan sem keypt var hafi ekki hentað, sem og gagna frá öðrum söluaðila lagnaefnis máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að M hafi sýnt starfsmanni X vatnsslöngu sem fylgdi ísskáp þeirra þegar önnur slanga var keypt. Einnig telur V ósannað að gerð hafi verið grein fyrir fyrirhuguðum notum með skýrum hætti eða að slanga hafi verið keypt eingöngu á grundvelli ráðlegginga starfsmanna X. Ekkert liggi fyrir um hvers konar ísskáp sé um að ræða, hvar hann var keyptur eða hvort vatnsslöngur fylgi þeim almennt. Ekki liggi heldur fyrir að sú slanga sem M vísa til að hafa hafa sýnt starfsmönnum X hafi verið slanga sem ætluð var til að þola vatnsþrýsting. V bendir á ekki liggi fyrir að varan sem keypt hafi verið teljist vera gölluð í skilningi a-c liðar 2. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup heldur geti ágreiningur fyrst og fremst snúið að því hvort galli hafi verið í skilningi 1. mgr. 16. gr. þeirra laga, þ.e. að starfsmenn X hafi vitað eða mátt vita um fyrirhuguð not slöngunnar, sbr. c-lið 1. mgr. 15. gr. laganna. V telur M bera sönnunarbyrðina fyrir því að hafa kynnt starfsmönnum X fyrirhuguð not og sú sönnun liggi ekki fyrir.

M telur fjarstæðukennt að ætla að þau hafi keypt þær vörur sem koma fram á reikningi dags. 1. mars 2020 án ráðgjafar starfsmanna X, enda hafi verið um að ræða sértæka smáhluti og starfsmaður X hafi eytt dágóðum tíma með M í lagnadeild verslunar X til að hjálpa til við að finna þá hluti. M leggja áherslu á að fagþekking hafi verið fyrir hendi hjá X og M hafi ekki haft slíka þekkingu.

V vísar að lokum til þess að fullyrðingar í málskoti og athugasemdum M séu ósannaðar með tilliti til almennra sönnunarreglna.

Álit.

Í málinu er hverfist ágreiningur aðila málsins um hvort starfsmenn X, sem hafa sérþekkingu á sölu vara í verslun X, hafi selt M tiltekna vatnsslöngu sem tengd hafi verið í ísskáp í húseign M án þess að sá söluhlutur hentaði í þeim tilgangi sem starfsmenn X vissu eða máttu vita um þegar kaup voru gerð, sbr. orðalag c. liðar 1. mgr. 15. gr. laga um neytendakaup nr. 48/2003 þannig að varan teljist gölluð í

skilningi 1. mgr. 16. gr. laganna. Ekkert liggur fyrir um að slangan sem slík hafi verið gölluð í skilningi a.-b. liðar sömu greinar og verður ekki fjallað frekar um það.

Í málinu liggur ekki ljóst fyrir hver samskipti M og starfsmanns eða starfsmanna X voru við kaup á vatnsslöngu og öðrum hlutum í verslun X hinn 1. mars 2020. Ekki liggur fyrir hvernig ísskáp átti að tengja eða að starfsmenn X hafi fengið upplýsingar um það eða sérstaka eiginleika hans. Af gögnum málsins verður einnig ráðið að annar málskotsaðila hafi verið í verslun X en ekki báðir og ekki liggur fyrir að vitni hafi verið af samskiptum þess málskotsaðila sem fór í verslun X í umrætt sinn við starfsmann eða starfsmenn Byko. Með hliðsjón af almennum sönnunarreglum ber sá sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á tjóni sínu sönnunarbyrði um að atvik séu með þeim hætti sem hann ber. Með hliðsjón af því verða M að bera hallann af sönnunarskorti um að gerð hafi verið skýrlega grein fyrir þeim notum sem slöngunni var ætlað og eiga þau því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V miðað við fyrirbyggjandi gögn.

#### **Niðurstaða.**

M eiga ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir